

## Skólaráð Naustaskóla

3. fundur ársins 2014 - þann 12. mars 2014

### Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon.

Fulltrúar starfsmanna: Aníta Jónsdóttir, Guðrún Huld Gunnarsdóttir og Halla Jóhannesdóttir

### Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Skóladagatal 2014-2015.** Frá síðasta fundi hefur skólastjóri farið yfir dagatalið með skólastjóra Naustatjarnar til samræmingar. Með hliðsjón af því var gerð tillaga um að færa starfsdag frá 17. nóvember til 12. september, en þá er gert ráð fyrir lokun á leikskólanum. Eins og drög að dagatali líta út er miðað við að skóla sé slitið 5. júní, til að það sé hægt þarf hins vegar að hafa starfsdag á öskudegi, á 2. janúar eða dreifa honum á aðra vinnudaga. Skólaráð gerir tillögu um að 2. janúar verði starfsdagur en öskudagur vetrarfrísdagur. Skóladagatalinu er svo vísað til umfjöllunar kennarafundar.
2. **Viðurkenningar – stefnumótun.** Skólanefnd hefur endurskoðað starfshætti sína um veitingu viðurkenninga m.a. á þann hátt að miðað er við 10 ára lágmarksaldur nemenda og tilnefningum skal safnað fyrir en áður. Einnig er gert ráð fyrir að skólar útbúi sér reglur um hvernig skal staðið að tilnefningum. Af því tilefni samþykkir skólaráð svohljóðandi starfsreglur fyrir Naustaskóla:

„Samkvæmt skólastefnu Akureyrarbæjar skulu grunnskólar árlega tilnefna nemendur til viðurkenninga skólanefndar. Tilnefningar skulu miðast við að nemendur séu orðnir a.m.k. 10 ára. Viðurkenningar má veita fyrir góðar framfarir í námi, góðan námsárangur, virkni í félagsstarfi, að vera jákvæð fyrirmynd, sýna frumkvæði eða leiðtogaþæfileika, frábæra frammistöðu í íþróttum eða listum, listsköpun eða tjáningu í skólastarfi, félagslega færni, samskiptahæfni og framlag til að bæta eða auðga bekkjar/skólaanda, nýsköpun og/eða hönnun.

Í Naustaskóla er tilnefningum safnað þannig að skólastjóri sendir framangreindan texta á alla starfsmenn sem koma að nemendum 10 ára og eldri og hvetur til þess að starfsmenn sendi inn tilnefningar sem falla að framangreindum þáttum, ásamt stuttum rökstuðningi. Umsjónarkennarar eru svo beðnir sérstaklega um að tilnefna einn nemanda hver úr sínum umsjónarhópi, og skila tilnefningum til skólastjóra, ásamt rökstuðningi. Skólastjóri safnar tilnefningum og að höfðu samráði við meðstjórnendur og námsráðgjafa velur hann tvær til að senda áfram til skólanefndar. Auglýsa skal eftir tilnefningum innan skólans fyrir 5. mars og tilnefningum til skólanefndar er skilað 15. mars. Við skólaslit er vakin athygli á þeim tilnefningum sem skólastjóra barst án þess að komi formlegrar afhendingar viðurkenninga. Þá eru hins vegar útskriftarnemendum veittar viðurkenningar sem tengjast einkunnarorðum skólans þegar tilefni þykir til. Þannig væri hægt að veita viðurkenningu fyrir námsárangur, fyrir að leggja sitt af mörkum til að mynda góðan anda innan skólans, fyrir umhyggju og virðingu, fyrir samvinnu og fyrir táp og fjör. Þær viðurkenningar eru ákveðnar í samstarfi skólastjóra og kennara á unglingsstigi.”

3. **Vinaliðaverkefni.** Umræður um s.k. Vinaliðaverkefni sem felst í að ákveðnir nemendur eru þjálfaðir til að stýra leikjum og afþreyingu á skólalóð. Áhugi er fyrir að taka upp þetta verkefni. Skólastjóri mun kanna málið nánar og auglýsa eftir áhugasömum starfsmönnum innan skólans til að halda utan um verkefnið.
4. **Stundaskrárrammi o.fl.** Skoðaðar fyrirbyggjandi nemendatölur fyrir næsta vetur. Miðað við þær má gera ráð fyrir 357 nemendum næsta vetur. Enn er unnið út frá svipuðum ramma / stundaskrárfyrirkomulagi og er á yfirstandandi skólaári. Drög gera ráð fyrir 3 umsjónarkennurum í 1.b, 5 umsjónarkennurum í 2.-3.b., 3 umsjónarkennurum í 4.-5.b, 3 umsjónarkennurum í 6.-7.b. og 4 umsjónarkennurum í

8.-10.b. Töluverðar umræður um úthlutun sérkennslukvóta til skólans en stjórnendur voru afar óhressir með þá úthlutun sl. vor og vonast eftir rýmri kvóta nú, en það skýrist á allra næstu dögum. Starfsmannasamtöl eru í gangi þessar vikurnar og standa væntanlega fram í apríl.

5. **Námsmat.** Umræður um námsmat í ljósi þess að nýjar áherslur virðast vera að birtast með nýjum menntamálaráðherra.

6. **Önnur mál.**

a. **Fjáröflun 10. bekkjar.** Fulltrúar foreldra komu á framfæri athugasemdum vegna þess að þeim finnst dansleikjahald fyrir 1.-4. bekk vera of ört. Einnig athugasemd vegna snúðasölu á dögnum, að óþarft sé að selja heilan snúð til yngstu nemendanna..